

# Þarf varanleg úrræði svo fjölskyldan fái frið

Liflátshótanir, líkamsrásir og húsbrot. Hvað er hægt að gera þegar fjölskylda verður fyrir slíkum árásum? Kerfið virðist bjóða upp á fær lausnir jafnt fyrir brotþola sem fórnarlömb. **Órlygur Sigurjónsson** ræddi við Helga Áss Grétarsson, en fjölskylda hans hefur sætt áreitni manns sem á við geðraskanir að stríða.

**K**arlamður sem dæmdur var í hálfis árs fangelsi í fyrrasumar vegna hótana, húsbrotu og nálgunarbrota í garð fjölskyldu í Reykjavík hefur verið kæður tvívegis fyrir áframhaldandi áreitni frá því hann lauk afplánum síðastliðu haust. Maðurinn er sakhafur, þótt hann hafi verið greindur af geðlækni með alvarlega persónuleikaröskun, m.a. af andfélagslegri gerð. Hann hefur valdið miklum ótta hjá fjölskyldunni og hefur verið sakfelldur fyrir líkamsrásir og kæður vegna einnar slíkrar gegn fjölskylduföðurnum Helga Áss Grétarssyni. Sambýlskona hans bjó áður með manninum og eignaðist þrjú börn með honum sem báa hjá henni og Helga. Saman eiga þau Helgi svo eitt barn auk þess sem Helgi á eitt barn frá fyrri sambúð.

Í geðrannsókn sem lögð var fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í fyrra kom m.a. fram að hugsanagangur mannsins væri stöku sinnum á mörkum geðrofs og ofstækis, en samt væri ekki hægt að fá fram viðtækar ranghugmyndir eða ofskynjanir. Var það mat Tómasar Zoega geðlæknis að maðurinn væri að öllu leyti fullkomlega ábyrgur gerða sinna. Að mati héraðsdóms báru brot mannsins gagnvart fjölskyldunni merki um ofsa í garð þeirra og einbeittan brotaviðja. Hefðu brotin valdið fólkinu miklum ótta og vanlíðan.

Sam dæmi um það sem fólkíð mátti þola voru liflátshótanir sem settar voru inn í talhöf Helga, en auk þess hótanir af öðrum toga. Ég skiptið króði hann barnsmóður sína af inni í sorpgymslu við heimili hennar og hótaði henni lifláti. Var



„Smám saman hætti ég að upplifa mig sem fórnarlamb, heldur virkan þátttakanda sem væri að fást við erfiðt úrlausnarefni,“ segir Helgi Áss Grétarsson.

hann ákærður og sakfelldur fyrir þetta og meira til.

Frá því maðurinn losnaði úr fangelsi síðla september 2004 hefur Hæstiréttur dæmt hann í nálgunarbann, þó ekki eins viðtækt bann og lögreglustjórnin í Reykjavík gerði kröfu um. Var hann handtekinn snemma í desember og úrskurðaður í gæsluvarðhald og ákærður á ný

fyrir ætluð brot á nálgunarbanni. Hinn 3. janúar var gæsluvarðhaldið framlengt í héraðsdómi uns dómur félli í máli hans, þó ekki lengur en til 24. janúar. Úrskurðurinn var kæður til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá þar sem fyrra gæsluvarðhaldið var útrunnið þegar framlengingarkrafan var sett fram. Því hefur maðurinn gengið laus frá 7. janúar og

verið í felum. Hefur hann látið Helga og fjölskyldu hans í friði frá því í desember.

## Álít mig ekki fórnarlamb

Þrátt fyrir að Helgi telji út af fyrir sig ástæðulaust að fjalla um einkalíf sitt í blöðunum ákvað hann að ræða reynslu sína nú til að styrkja þá sem hafa lent í klóm óttans á svipaðan

## Fær ekki hjálp við geðvandamálum sínum

SVEINN Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir barnsföður sambýlskonu Helga Áss Grétarssonar mjög illa haldinn og á barni þess að brotna. Hann kalli á hjálp sem hann fær hvergi. „Manninum er ekki sinnt af lögbærum yfirvöldum þegar fyrir liggur úrskurður af hálfu geðlækna um ýmsar geðraskanir hans,“ segir Sveinn. „Hann fær ekki inni á heilbrigðisstofnunum og það leiðir til þess að hann missir alla kjölfestu í félagslegu tilliti. Þessi maður hefur verið vistaður bak við lás og slá en þar á hann ekki heima. Ég dreg ekki úr því að geðsjúkri elgi að sæta ábyrgð eins og aðrir en það verður þá að gera þeim kleift að sæta þeirri ábyrgð. Hann er hins vegar ekki í stakk búinn til þess vegna sjúkdóms síns. Það er búið að senda erindi til félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Landlæknis og óska aðkomu þeirra til að sinna þessum manni en þeim erindum hefur ekki verið sinnt.“

Sveinn heyrði það jafnframt frá skjólstaðing sínum að geðvandamálum hans hefði ekki verið sinnt meðan á fangelsisafplánum hans stóð.

Að sögn Sveins er stæða geðsjúkra afbrotamanna verri en afbrotamanna án geðsjúkdóma og geðsjúkra sem ekki eru afbrotamenn. „Ef viðkomandi hefur báða stíplana, þ.e. geðsjúkur og afbrotamaður, þá á hann hvergi heima í kerfinu.“

hátt og hann og fjölskylda hans hafa mátt þola frá árinu 2003 og maki hans enn lengur.

„Það kann að vera að einhverjir áliti mig vera fórnarlamb ofsóknna af hálfu geðsjúks manns, en ég lít ekki þannig á málið,“ segir hann.

„Vissulega er maðurinn haldinn geðveill og hefur valdið okkur mikilli þjáningu, en ég hef enga þörf fyrir að vera álittinn fórnarlamb. Það sem ég þarfnast fyrst og fremst er varanleg úrræði til að fjölskylda mín fái að vera í friði. Það verður ekki gert með sex mánaða fangelsisdómi eða nálgunarbanni. Það gefur okkur í besta falli tímabundinn frið þangað til hann fer aftur. Hann á hvergi heima innan geðheilbrigðiskerfisins.“

Helgi segist hafa gengið í gegnum tímabil ótta og vonleysis vegna ofsóknna mannsins, en tekur fram að þau viðbrögð séu þau auðveldustu en um leið óskynsamlegustu sem hægt

sé að hugsa sér. „En ég hef lært að lifa með þessu og veit að óvissan er alltaf fyrir hendi. Á meðan maðurinn gengur laus þarf maður að vera við öllu þúnn, hvenær sem er. Það er ómögulegt að vita hvenær hann byrjar aftur að áreita okkur.“

Það er mikilvægt að hafa í huga að þankagangur fórnarlamba og þeirra sem leita á náðir ríkisvaldsins til að fá aðstoð í alvarlegum persónulegum málum er oft á tíðum vonbrigði og neikvæðni. Þeim finnst ríkið ekki ur úrskurður af hálfu geðlækna um ýmsar geðraskanir hans,“ segir Sveinn. „Hann fær ekki inni á heilbrigðisstofnunum og það leiðir til þess að hann missir alla kjölfestu í félagslegu tilliti. Þessi maður hefur verið vistaður bak við lás og slá en þar á hann ekki heima. Ég dreg ekki úr því að geðsjúkri elgi að sæta ábyrgð eins og aðrir en það verður þá að gera þeim kleift að sæta þeirri ábyrgð. Hann er hins vegar ekki í stakk búinn til þess vegna sjúkdóms síns. Það er búið að senda erindi til félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Landlæknis og óska aðkomu þeirra til að sinna þessum manni en þeim erindum hefur ekki verið sinnt.“

Pegar ég var sem hráddastur, í nóvember 2003, þegar ég kom að bílnum mínum með sundurskorin dekk og foreldrar mínir höfu lent í því sama, ákvað ég að leita mér hjálpar og brjótast út úr þessu. Á þeim tímabili var ég búinn að leggja fram kærun hjá lögreglu fyrir hótanir og fleira en lítið þokaðist í rannsókninni fyrr en hann var kæður til lögreglunnar fyrir að ráðast á mig á gamlárskvöld 2003. Hjólin fóru að snúast þegar líkamsrásarkæra bættist í safnið. En eins og ég gat um áðan er það ekki nein varanleg lausn að setja manninn í fangelsi í nokkra mánuði.“

## Styrktist mikið með því að reyna að hafa áhrif

Helgi ákvað að tala við alla þá sem honum datt í hug, lækna, félagsþjónustuna, þingmenn, ráðuneyti, landlækni, sálfræðing, vini og ættingja. „Þótt ég vissi að þetta myndi kannski ekki skila árangri, þá fann ég að þetta gerði mér persónulega mikið gagn því ég fann að ég styrktist mikið með því að reyna að hafa áhrif. Það var t.d. mikil hjálp í því að tala við Geðhjálp og smám saman eða nálgunarbanni. Það gefur okkur í besta falli tímabundinn frið þangað til hann fer aftur. Hann á hvergi heima innan geðheilbrigðiskerfisins.“

Helgi segist hafa gengið í gegnum tímabil ótta og vonleysis vegna ofsóknna mannsins, en tekur fram að þau viðbrögð séu þau auðveldustu en um leið óskynsamlegustu sem hægt

litlafingur. Fórnarlambhugsunin leiðir nefnilega til aðgerðaleyfis sem getur verið undirstaða meðvirkni með þeim sjúka. Adalatriðið er fyrir fólk í svona aðstöðu að líta ekki á sig sem fórnarlamb heldur vera virkur í að reyna að finna lausnir. Það hjálpar manni. Það skiptir engu máli hvort þessi viðleitni skilar áþreifanlegum árangri. Maður verður samt að reyna að hafa áhrif á þá sem vinna að þessum málum.“

Eftir að hafa borið sig upp við fjölda fagaðila, sem Helgi leggur áherslu á að hafi sýnt skilning og samúð, komst hann að því að í raun var ekkert hægt að gera. En meðan á þessu stóð losnaði hann út úr blutverki fórnarlambins sem hann segir ómetanlegt. „Eina leiðin sem var tæk að lögum var meðferð lögreglu-yfirvalda. Áhrar lausnir komu ekki til álita,“ segir hann. „Mér fannst það þó óskynsamlegt að láta svona mann í fangelsi, því hann þyrfti að fá aðstoð.“

## Almannahagsmunir tekni fram yfir einstaklingshagsmuni

Helgi segist hafa dregið ákveðnar ályktanir út frá atburðarásinni hvað meðferð dómskerfisins á manninum áhrævir. „Refsivörslukerfið gengur aðallega út á að verja almannahagsmuni en ekki hagsmuni einstaklinga. Einstaklingur og jafnvel fjölskylda sem verður fyrir því að brotið sé á þeim með refsivörðum hætti njóta ekki jafn ríkrar verndar í framkvæmd og almannahagsmunir. Þetta á ekki síst við um brot sem eiga sér stað innan veggja heimilis eða eða á milli tveggja aðila, svo sem fyrrverandi sambýlisfólks. Þetta hefur meðal annars í för með sér að refsing vegna brota sem varða slíka hagsmuni er mun vægari en t.d. þegar opinber starfsmaður dregur sér fé.“

Annað mikilvægt atriði er sönnun- arvandkvæði. Stanslaust áreitni er mjög erfið að sama sem ofbeldi innan veggja heimilis. Þegar fólk loksin þorir að kæra brot gagnvart sér þá er það tekið misalvarlega hjá lögreglu. Það er mjög stórt skref fyrir hraðt fólk að fara til lögreglu og mér finnst að í svona málum ætti að veita meiri forgang en raunin er. Þegar þetta mál kom svo fyrir dóm var maðurinn sakfelldur fyrir þrettán hegningarglagabrot en refsingin var aðeins sex mánuði. Miðað við átta ára refsiramma finnst manni niðurstaðan óréttlæg, ekki síst þar sem hún er ekki úrslakleg nema með almennum orðum.“